

Atvinnuveganefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

101 Reykjavík

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 31. mars 2023.

Efni: Umsögn um frumvarp Viðreisnar um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum (verðlagsnefnd, undanþágur frá samkeppnislögum, verðjöfnunargjöld), mál nr. 127.

Vísað er til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 17. mars sl., en þar var óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „SAFL“) um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum, nánar tiltekið 127. mál á 153. löggjafarþingi. Flutningsmenn eru þingmenn Viðreisnar; Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Hanna Katrín Friðriks-son, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Guðbrandur Einarsson og Sigmar Guðmundsson.

Frumvarpið er nú lagt fram í fimmta sinn og er efni lagatextans nú það sama og þegar frumvarpið var lagt fram á 152. löggjafarþingi. Því er ekki að sjá að flutningsmenn hafi tekið tillit til þeirrar gagnrýni sem birst hefur í umsögnum ýmissa aðila á fyrri stigum þrátt fyrir ábendingar um misskilning og jafnvel rangfærslur í einhverjum tilvikum. Í því ljósi telja SAFL mikilvægt að draga fram eftirfarandi atriði:

Gildandi lög og reglur í nágrannalöndum

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að frumvarpið sé samið með hliðsjón af gildandi lögum og reglum í nágrannalöndum Íslands en ekki er tekið fram hvaða lög og reglur það eru. Telja SAFL þessa fullyrðingu frumvarpshöfunda ekki standast skoðun.

Þegar réttarkerfi nágrannalanda Íslands eru skoðuð er ljóst að víðtækar undanþágureglur eru fyrir bændur og framleiðendur landbúnaðarvara frá samkeppnislögum í ESB-rétti auk undanþágureglna frá samkeppnislögum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Þýskalandi. Vekur það furðu að ekkert er vikið að þessum undanþágureglum í greinargerð með frumvarpinu.

Þessu til viðbótar má benda á að auk almennra undanþága þá gilda sérstakar undanþágur í ESB rétti ef röskun verður á markaði með landbúnaðarvörur. Þannig eru í ESB rétti til staðar valdheimildir sem veita framkvæmdastjórn ESB svigrúm til þess að setja reglur sem veita

frekari undanþágur frá samkeppnisreglum ESB og enn fremur að gera tiltekna ráðstafanir til stuðnings við landbúnað, við aðstæður þar sem röskun er á mörkuðum eða þegar sérstök vandamál eru fyrir hendi. Engar slíkar heimildir eru til staðar hér á landi. Voru þessar undanþáguheimildir nýttar af framkvæmdastjórn ESB m.a. í apríl 2020 vegna COVID heimsfaraldurs, einkum á markaði með mjólk og kartöflur. Af þessu er ljóst að það frumvarp, sem umsögn þessi varðar, er algerlega á skjön við lög og reglur í t.d. ESB.

Í andstöðu við Landbúnaðarstefnu fyrir Ísland

Í drögum að þingsályktunartillögu matvælaráðherra um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, sem kynnt var í samráðsgátt í febrúarmánuði, kemur fram að tryggja eigi með löggjöf að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og samstarfs en í nágrannalöndum okkar sem starfa samkvæmt EES-löggjöf. Skýrasta dæmið er að almennar undanþágur frá samkeppnisreglum gilda í nágrannalöndum Íslands og innan Evrópusambandsins fyrir bændur og fyrirtæki þeirra. Engar undanþágur eru hins vegar til staðar í íslenskum rétti, með einni undantekningu, þ.e. 71. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Sú tillaga frumvarpsins um að afnema þessa undanþágureglu er því í engu samræmi við þær reglur sem gilda í nágrannalöndum Íslands og innan ESB, sbr. og fyrri umfjöllun.

Ýmsar breytingar á búvörulögum

Í frumvarpinu er lagt til að gera breytingar á 1. gr. búvörulaga nr. 99/1993 en í því ákvæði birtist tilgangur búvörulaga og kjarni íslenskrar landbúnaðarstefnu. Breytingar frumvarpsins á 1. gr. búvörulaga er í engu samræmi við landbúnaðarstefnur þeirra ríkja sem við berum okkur saman við og myndi tillagan, yrði hún samþykkt, auka enn frekar á þann aðstöðumun sem nú þegar er til staðar milli starfsumhverfis íslenskra bænda samanborið við bændur í Noregi og innan ESB. SAFL telja afar óskynsamlegt að ráðast í slíkar breytingar.

Í 2. gr. frumvarpsins, sem og 5., 6. og 17. gr., er lagt til að lögformleg staða Bændasamtaka Íslands gagnvart ríkisvaldinu verði afnumin. Ekki er hægt að mæla með slíkri breytingu enda er mikið hagræði í því fólgið að BÍ fari með samningsumboð fyrir hönd bænda við gerð búvörusamninga. Umrædd breyting er einnig á skjön við fyrirkomulag samingaviðræðna t.d. í Noregi, en þar fara norsku bændasamtökin með samningsumboð gagnvart norska ríkinu í árlegum búvörusamningum. Þá er umrædd breyting enn fremur á skjön við það sem almennt tíðkast á almennum vinnumarkaði, en alþekkt er að heildarsamtök launþega semja sameiginlega við heildarsamtök fyrirtækja um kaup og kjör til tiltekins tímabils.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að leggja niður verðlagsnefnd búvara og hætta öllum opinberum ákvörðunum um verð á mjólk og mjólkurvörum. Rétt er að benda á að verðlagsnefnd ákveður m.a. lágmarksverð á mjólk til bænda sem í dag tryggir öllum bændum jafnt verð fyrir mjólkina hvar sem þeir eru staðsettir á landinu. Með þessari breytingu yrði samkeppnisstaða íslensks

mjólkuriðnaðar stefnt í voða með tilheyrandi afkomubresti fyrir bændur og fjölskyldur þeirra. Þá hefði þessi breyting afar neikvæð áhrif á dreifðari byggðir landsins þar sem gera má ráð fyrir að bændur bregði búi og flytjist úr sveitunum í þéttbýli.

Niðurfelling opinberrar verðlagningar myndi einnig hafa í för með sér verulega hækkun á smjöri og dufti með tilheyrandi tjóni fyrir neytendur og iðnfyrirtæki sem nota duft til frekari matvælaframleiðslu.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að fella á brott VI. kafla búvörulaga. Slíkt breyting myndi afleggja stærstan hluta núverandi landbúnaðarkerfis sem tryggir framleiðendum greiðslur fyrir afurðir sínar. SAFL telja það afar óskynsamlegt að fara þá leið af sömu ástæðum og eru tilteknar í fyrri málsgrein um 3. gr. frumvarpsins.

Í 7.-11. gr. frumvarpsins er lagt til að afnema framkvæmdanefnd búvörusamninga. Er það lagt til án nokkurra efnislegra raka. Framkvæmdanefnd búvara er samráðsvettvangur aðila búvörusamninga og með breytingunni er lagt til að stjórnvísla búvörusamninga færist undir matvælaráðuneytið. Þess skal getið að í gildandi búvörusamningum er framkvæmdanefnd falið ákveðið hlutverk og byggja samningarnir á því að henni sé falið tiltekið vald á grundvelli búvörulaga. Breyting þar á leiðir því í raun til uppsagnar núgildandi búvörusamninga.

Afnám 71. gr. búvörulaga

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að afnema 71. gr. búvörulaga en ákvæðið felur í sér heimild afurðastöðva til að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu oög hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða. Er hér um að ræða einu undanþágureglu frá samkeppnislögum sem gildir fyrir framleiðendur landbúnaðarvara á Íslandi. Líkt og fram hefur komið eru almennar undanþágur frá samkeppnisreglum í gildi í Noregi og innan ESB. Þá talar þessi breyting fullkomlega gegn drögum að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Tilvísun í GATT-samninginn byggð á misskilningi

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til skuldbindingarskrár Íslands að GATT-samningnum og að Ísland sé skuldbundið til að veita þjónustuveitendum frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar aðgang að markaði sínum. Hér er farið rangt með enda varðar GATT-samningurinn ekki þjónustuviðskipti heldur vöruviðskipti og kveður þar með ekki á um neinar skuldbindingar um að veita erlendum þjónustuveitendum aðgang. Um þjónustuviðskipti er hins vegar fjallað í GATS-samningnum en sá samningur fjallar ekki um þjónustu á sviði landbúnaðar heldur þjónustu á sviði fjarskipta, menntunar, dreifingar, fjármálþjónustu o.fl.

Þess fyrir utan telja SAFL varhugavert að leggja til kerfisbreytingar á íslensku landbúnaðarkerfi eingöngu með tilvísun í alþjóðasamninga. Ríki veita aldrei öðrum ríkjum einhliða markaðsaðgang heldur er slíkur aðgangur aðeins veittur að loknum samningaviðræðum ríkja á milli.

Niðurlag

Á grundvelli þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið reifuð leggjast SAFL alfarið gegn því að frumvarp þetta verði samþykkt.

Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir til að koma fyrir nefndina til frekari umræðu og skoðanaskipta sé þess óskað.

Fyrir hönd Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir,
framkvæmdastjóri SAFL